

Þriðjudaginn 30. apríl 1991.

Nr. 2/1991. **Landssamband lögreglumanna**
(Gylfi Thorlacius hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Frávísun að hluta. Kjarasamningur. Lögreglumenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Ragnar Halldór Hall og Eiríkur Helgason.

Málið, sem tekið var til dóms 23. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 15. f.m.

Stefnandi er Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að ríkissjóði verði gert að greiða félagsmönnum stefnanda 3% hækkun launa fyrir júlímánuð 1990 auk dráttarvaxta skv. vaxta-lögum frá 1. ágúst 1990 til greiðsludags.

Að viðurkennd verði sú skylda stefnda, fjármálaráðherra, að kynna stefnanda þau gögn, sem hverju sinni eru lögð fram til grundvallar mati Hagstofu Íslands við útreikning, og að tilkynna síðan stefnanda um niðurstöðu mats Hagstofu Íslands, áður en launakeyrsla fyrir síðasta viðmiðunartímabil fer fram hverju sinni.

Að stefndi greiði málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Stefnandi segir málavexti á þessa leið:

Hinn 18. júní 1986 gerðu aðilar með sér sérkjarasamning. Í framhaldi af því var m.a. gerð svohljóðandi bókun um samningsréttarmál:

„Aðilar eru sammála, um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli

afnuminn. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því á Alþingi, að í lögum um lögreglumenn nr. 56/1972 komi ákvæði, er banni verkföll lögreglumanna ríkisins. Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að því er varðar sérkjarasamninga lögreglumanna:

Náist ekki samkomulag um sérkjarasamning Landssambands lögreglumanna, getur hvor aðili sem er í stað þess að vísa málinu til kjaranefndar krafist kjarabreytinga, sem samsvari því, sem á vantar, að lögreglumenn fái þá meðalhækkun, sem eftirtaldir aðilar hafa fengið frá gerð síðasta sérkjarasamnings Landssambands lögreglumanna:

1. BSRB.
2. BHMR.
3. Samband íslenskra bankamanna.
4. Bandalag kennarafélaga.

Hagstofa Íslands reikni út framangreindar launabreytingar á sex mánaða fresti talið frá júlí 1986.“

Þann 27. febrúar 1987 var síðan enn gerður ýtarlegri samningur um þessi atriði, þar sem í 2. gr. segir:

„Hagstofa Íslands meti breytingar á starfskjörum opinberra starfsmanna, þ.e. þeirra, sem taka laun eftir kjarasamningum núverandi aðildarfélaganna BSRB, BHMR, BK svo og Sambands ísl. bankamanna. Upplýsingar þessar skulu miðaðar við 1. janúar og 1. júlí ár hvert og breytingar á hverju slíku tímabili. Geti Hagstofa Íslands ekki metið einstakar kjarabreytingar hjá viðmiðunarhópunum, skal upplýsingum um þau atriði komið til sammingsaðila. Mat Hagstofu Íslands skal liggja fyrir innan 30 daga frá ofangreindum dagsetningum.

Lögreglumenn skulu 1. janúar og 1. júlí fá launahækkun samsvarandi meðalhækkun viðmiðunarhópanna síðasta viðmiðunar-tímabil.“

Nýtt samkomulag var gert þann 5. maí 1989. 2. gr. 3. málsgrein hljóðar svo:

„Liggi mat Hagstofu Íslands ekki fyrir til launakeyrlu 1. júlí og 1. janúar fyrir síðasta viðmiðunartímabil, hækki laun lögreglumanna til bráðabirgða um 3% frá sama tíma og metin hækkun ætti að gilda. Gefi mat Hagstofunnar minni hækkun en 3%, lækki laun sem því nemur frá fyrsta degi næsta mánaðar, eftir að mati er lokið, en hækki ella frá upphafi tímabilsins.“

Við launakeyrslu 1. júlí sl. hafði ekki verið tilkynnt um niðurstöðu mats þess, sem rætt er um í samkomulaginu frá 5. maí 1989. Stefnandi telur því, að greiða beri lögreglumönnum 3% hækkun launa fyrir júlímánuð 1990.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að í samkomulagi aðila frá 5. maí 1989 segi berum orðum, að liggi mat Hagstofu Íslands ekki fyrir til launakeyrslu 1. júlí, hækki laun lögreglumanna um 3% til bráðabirgða. Í máli þessu sé upplýst, að Hagstofa Íslands hafi unnið verk sitt á réttum tíma fyrir 1. júlí 1990. Matið hafi hins vegar ekki verið sent stefnanda, og það hafi því ekki legið fyrir hjá honum. Skilyrði sammingsins hafi því ekki verið uppfyllt, enda hafi matið þurft að liggja fyrir hjá báðum aðilum, til þess að unnt sé að fara yfir og gera athugasemdir. Það sé skýlaus réttur launþega að fá að vita, hvernig laun hans séu reiknuð út.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að upplýst sé og viðurkennt af stefnanda, að mat Hagstofu Íslands hafi legið fyrir í tæka tíð. Fyrsti liður kröfu stefnanda verði því augsýnilega ekki tekinn til greina.

Ekkert sé að finna í samningum aðila, sem segi, að stefnda sé skylt að tilkynna stefnanda sérstaklega niðurstöður mats. Því siður sé tilkynningarskylda á hann lögð fyrir 1. júlí og 1. janúar, hvort sem mat gefur tilefni til launahækkunar eða ekki. Samkvæmt samningnum skal mat Hagstofunnar eiga sér stað fyrir launagreiðslu til útborgunar á framangreindum dögum. Þær matsniðurstöður lágu fyrir í tæka tíð.

Af hálfu stefnda hafi hingað til ekki verið sendar sérstakar tilkynningar til Landssambands lögreglumanna eða Tollvarðafélags Íslands um matsniðurstöður. Venjur í samskiptum aðila styðji því ekki heldur sjónarmið stefnanda. Hagstofa Íslands hafi hins vegar umfram skyldu sent landssambandinu og tollvarðafélaginu afrit bréfa sinna til fjármálaráðuneytis. Hagstofan hafi með bréfum sínum verið að svara formlegum erindum fjármálaráðuneytisins, en ekki stéttarfélaganna. Frá þessum starfsháttum Hagstofu Íslands varð frávik í maí 1990, svo sem lýst sé í bréfi Hagstofunnar, dags. 5.4. sl. Slíkt sé þó hér með öllu þýðingarlaust, enda ekki brotið gegn neinni skyldu með því. Landssambandinu var að auki í löfa

lagið að spyrjast fyrir um matsniðurstöðu, svo sem tollvarðafélagið gerði. Af einhverjum ástæðum kaus landssambandið hins vegar að grennslast ekki fyrir um störf Hagstofu Íslands fyrr en eftir 1. júlí.

Vegna kröfu stefnanda þess efnis, að stefnda verði dæmt skylt að kynna stefnanda þau gögn, sem hverju sinni séu lögð til grundvallar mati Hagstofu Íslands, vísast til skýringa í bréfi Hagstofu Íslands. Um hluta þessara gagna, þ.e. þau, sem stafi frá stefnda, hafi stefnanda frá upphafi verið fullkunnugt. Önnur gögn séu fengin frá öðrum. Um þau segi í bréfi Hagstofu Íslands: „Hvað snertir önnur gögn, þ.e. þau, sem Hagstofan aflar sjálf, eru þau oft háð trúnaðarkvöðum þeirra, sem þau láta í té, og ef svo er, kemur aldrei til álíta að kynna þau né leggja fram sérstaklega.“

Stefndi hafi þannig alls ekki undir höndum þennan hluta þeirra gagna, sem hverju sinni séu lögð til grundvallar mati Hagstofu Íslands. Þau séu oft háð trúnaðarkvöðum þeirra, sem þau láta í té, og því eigi stefndi engan aðgang að þeim frekar en stefnandi. Af framangreindum ástæðum beri augljóslega að sýkna stefnda einnig af þessari kröfu stefnanda:

Stefnandi krefst þess, að stefndi skuli tilkynna stefnanda niðurstöðu mats Hagstofunnar, áður en launakeyrsla fer fram. Um þetta vísast til þess, sem áður segir, að ekkert það sé í samningi aðila, sem skyldi stefnda til þessa.

III.

1. Krafa stefnanda um greiðslu 3% launahækkunar fyrir júlímánuð 1990.

Ágreiningslaust er í málinu, að niðurstaða mats Hagstofu Íslands lá fyrir 21. maí 1990. Var hún þegar kunngerð matsbeiðanda, launaskrifstofu ríkisins. Ekki kemur fram í samningum málsaðila eða öðrum réttarheimildum, sem stefnandi vísar til, að stefnda hafi verið skylt að tilkynna stefnanda um mat Hagstofunnar í umræddu tilviki. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina á þeirri forsendu, að vanrækt hafi verið að tilkynna stefnanda um niðurstöðu matsins.

Stefnandi hefur ekki leitt að því haldbær rök, að Hagstofa Íslands hafi staðið að umræddu mati með ólögmætum hætti, og verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina á þeim grundvelli.

Samkvæmt þessu er krafa stefnanda um greiðslu 3% launahækkunar fyrir júlímánuð 1990 ekki tekin til greina.

2. Viðurkenningarkröfur stefnanda.

Kröfur þessar eru almenns eðlis, og verður að leysa úr þeim sjálfstætt án tengsla við kröfuna um 3% hækkun júlilauna 1990.

Stefnandi hefur hvorki í stefnu, greinargerð né málflutningi gert grein fyrir því, á hvaða lagagrundvelli þessar viðurkenningarkröfur hans byggjast. Þótt vísað sé til kjarasamninga aðila, laga nr. 94/1986 og til „almennra reglna sammingsréttar“, er engin grein gerð fyrir því, hvar í þessum heimildum sé að finna lagastoð fyrir þessum kröfum. Eru viðurkenningarkröfur þessar svo vanreifaðar, að þeim ber að vísa sjálfkrafa frá dómi.

Eftir þessum úrslitum verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000.

D ó m s o r ð:

Framangreindum viðurkenningarkröfum stefnanda, Landsambands lögreglumanna, er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Stefndi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu 3% hækkunar launa fyrir júlímánuð 1990.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000 í málskostnað.
